

Tillögur til breytinga á samþykktum KEA á aðalfundi félagsins 30. apríl 2014.

Lagðar fram til kynningar á deildarfundum KEA og til samþykktar á aðalfundi.

Það orðalag sem breytist í núverandi samþykktum og það sem kemur nýtt skv. tillögunni er skáletrað.

Tillaga til breytingar á 16. grein.

Núverandi orðalag:

16. grein

Stjórn félagsins skal skipuð 7 fullgildum félagsmönnum, sbr. 4. gr., *sem kosnir eru til þriggja ára*, og þremur varamönnum, sem kosnir eru til eins árs í senn. *Kjósa skal stjórn félagsins þannig að eitt árið skulu kosnir þrír stjórnarmenn og næstu tvö ár tveir stjórnarmenn hvort ár.* Varamenn skulu kosnir samkvæmt tilnefningu til eins árs og telst sá fyrsti varamaður, er flest atkvæði hlýtur, og annar varamaður sem næstflest atkvæði hlýtur. Ef tillaga um margfeldis- kosningu kemur fram, þurfa að minnsta kosti 20% fulltrúa á fundinum að samþykkja hana. Skal þá beita margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanna og varastjórnarmanna félagsins.

Verður eftir breytingu:

16. grein

Stjórn félagsins skal skipuð 7 fullgildum félagsmönnum, sbr. 4. gr., *sem kosnir eru til tveggja ára*, og þremur varamönnum, sem kosnir eru til eins árs í senn. *Kjósa skal stjórn félagsins þannig að annað árið skulu kosnir fjórir stjórnarmenn og hitt árið þrír stjórnarmenn.* Varamenn skulu kosnir samkvæmt tilnefningu til eins árs og telst sá fyrsti varamaður, er flest atkvæði hlýtur, og annar varamaður sem næstflest atkvæði hlýtur. Ef tillaga um margfeldis- kosningu kemur fram, þurfa að minnsta kosti 20% fulltrúa á fundinum að samþykkja hana. Skal þá beita margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanna og varastjórnarmanna félagsins.

16. grein verði að öðru leyti en að ofan greinir óbreytt.

Tillaga til breytingar á 28. grein.

Núverandi orðalag:

28. grein

Samþykktum þessum verður ekki breytt nema á löglega boðuðum fulltrúafundi. Til þess að ná samþykki þarf slík breytingartillaga að hljóta 2/3 hluta atkvæða á fundinum nema lög eða

félagssamþykktir mæli fyrir um annað. Heimilt er fyrir atkvæðagreiðslu að endurtelja atkvæðisbæra fulltrúa á fundinum.

Þegar leggja á fyrir fulltrúafund tillögur um breytingar á félagssamþykktum, *skal kynning hafa farið fram á fyrirhuguðum breytingum í öllum deildum félagsins* og einnig skal þeirra getið með greinargóðum hætti í fundarboði fulltrúafundar.

Verður eftir breytingu:

28. grein

Samþykktum þessum verður ekki breytt nema á löglega boðuðum fulltrúafundi. Til þess að ná samþykki þarf slík breytingartillaga að hljóta 2/3 hluta atkvæða á fundinum nema lög eða félagssamþykktir mæli fyrir um annað. Heimilt er fyrir atkvæðagreiðslu að endurtelja atkvæðisbæra fulltrúa á fundinum.

Þegar leggja á fyrir fulltrúafund tillögur um breytingar á félagssamþykktum, *skal kynning hafa farið fram með því að senda tillöguna með tövupósti á handhafa KEA-kortsins með minnst mánaðar fyrirvara fyrir aðalfund* og einnig skal þeirra getið með greinargóðum hætti í fundarboði fulltrúafundar.

Tillaga til breytingar á bráðabirgðaákvæði vegna 16. greinar.

Fyrir breytingu:

Ákvæði til bráðabirgða vegna 16. greinar

Á aðalfundi félagsins á árinu 2014 skal kjósa 3 stjórnarmenn til þriggja ára (til 2017) og einn til tveggja ára (2016), alls 4 stjórnarmenn. Skulu þeir þrír sem flest atkvæði fá sitja í þrjú ár, en sá fjórði í tvö ár. Á aðalfundi félagsins á árinu 2015 skal kjósa 2 stjórnarmenn til þriggja ára (til 2018) og 1 stjórnarmann til eins árs (til 2016). Skulu þeir sem flest atkvæði fá sitja í þrjú ár, en sá næsti í eitt ár. Á aðalfundi félagsins á árinu 2016 skal kjósa 2 stjórnarmenn til 3ja ára.

Bráðabirgðaákvæði þetta er sett vegna breytingar á 16. gr. um skipunartíma aðalmanna í stjórn félagsins og fellur úr gildi þegar kerfisbreytingin er gengin yfir að fullu eftir aðalfund 2016.

Verður eftir breytingu:

Ákvæði til bráðabirgða vegna 16. greinar

Á aðalfundi félagsins á árinu 2015 skal kjósa 3 stjórnarmenn til tveggja ára. Stjórnarmenn kjörnir á aðalfundi 2014 skulu sitja í tvö ár.